

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 57/2009

2009/EES/47/03

frá 29. maí 2009

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2009 frá 24. apríl 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 721/2008 frá 25. júlí 2008 um leyfi fyrir efnablöndu með bakteríunni *Paracoccus carotinifaciens*, sem er auðug af rauðu karótenóíði, sem aukefni í fódri <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 971/2008 frá 3. október 2008 varðandi nýja notkun hníslalyfs sem aukefnis í fódri <sup>(3)</sup>, ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 267, 8.10.2008, bls. 32.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2008 frá 6. október 2008 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2430/1999, (EB) nr. 418/2001 og (EB) nr. 162/2003 að því er varðar skilyrði fyrir því að leyfa aukefnið Clinacox, sem er í flokknunum hníslalyf og önnur lyf, í fódri <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/76/EB frá 25. júlí 2008 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB um óæskileg efni í fódri <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/82/EB frá 30. júlí 2008 um breytingu á tilskipun 2008/38/EB að því er varðar fóður sem ætlað er sem stuðningur við nýrna-starfsemi þegar fram kemur langvinn nýrnabilun <sup>(6)</sup>.
- 7) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

II. kaffi I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999), lið 1t (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 418/2001) og 37. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 162/2003):

„– **32008 R 0976**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2008 frá 6. október 2008 (Stjtið. ESB L 266, 7.10.2008, bls. 3).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 25.6.2009, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 198, 26.7.2008, bls. 23.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 265, 4.10.2008, bls. 3.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 266, 7.10.2008, bls. 3.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 198, 26.7.2008, bls. 37.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 202, 31.7.2008, bls. 48.

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zzzzr (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 775/2008):
- „1zzzzs. **32008 R 0721**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 721/2008 frá 25. júlí 2008 um leyfi fyrir efnablöndu með bakteríunni *Paracoccus carotinifaciens*, sem er auðug af rauðu karótenóíði, sem aukefni í fóðri (Stjtið. ESB L 198, 26.7.2008, bls. 23).
- 1zzzzt. **32008 R 0971**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 971/2008 frá 3. október 2008 varðandi nýja notkun hníslalyfs sem aukefnis í fóðri (Stjtið. ESB L 265, 4.10.2008, bls. 3) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 267, 8.10.2008, bls. 32.“
3. Eftirfarandi bætist við í lið 14c (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/38/EB):
- „eins og henni var breytt með:
- **32008 L 0082**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/82/EB frá 30. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 202, 31.7.2008, bls. 48).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 33. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB):
- „– **32008 L 0076**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/76/EB frá 25. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 198, 26.7.2008, bls. 37).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 721/2008, 971/2008, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 267, 8.10.2008, bls. 32, og 976/2008 og tilskipana 2008/76/EB og 2008/82/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. maí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. maí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Alan Seatter**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.